

Fimmtudaginn 5. nóvember 1953.

Nr. 120/1953. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Stefáni Helgasyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson lögfræðingur hefur kveðið upp héraðsdóminn sem setudómari.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Stefán Helgason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. apríl s.l., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Stefáni Helgasyni bifreiðastjóra, Heiðaveg 20, Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940 samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðuneytinu 16. febrúar 1953, til refsingar, greiðslu skaðabóta og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. maí 1929 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum: 1945 13/11 Kærður fyrir brot á bifreiðalögum. Látið falla niður. 1946 29/11 Sátt, 100 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum. 1949 7/2 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum. 1950 19/10 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir:

Þann 20. desember s.l. fór fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Sveinn Snorrason, til skrifstofu Helga Benediktssonar kaupmanns, við Strandveg, hér í bæ, til þess að framkvæma þar fjárnám hjá Helga Benediktssyni til tryggingar greiðslu kröfu samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja, uppkveðnum 25. sept. s.l. Með fógeta voru auk gerðarbeiðanda, Friðþjófs G. Johnsen hdl., réttarvottarnir Pétur Stefánsson lögregluþjónn og Kristján Guðmundsson skrifstofumaður. Þegar fógeti kom til skrifstofu gerðarþola, var hann staddur inni í einkaskrifstofu sinni, sem er inn af herbergi því, sem notað er sem almenn skrifstofa og afgreiðsla. Dyrnar að einkaskrifstofu gerðarþola stóðu opnar, þegar fógeti kom inn í almennu skrifstofuna, og kom gerðarþoli strax fram til móts við fógeta, þegar hann sá hann koma inn og innti fógeta eftir erindi hans. Fógeti skýrði gerðarþola frá því, en hann svaraði því til, að ekkert fjárnám yrði gert og kvaðst hann ekki vera mættur. Að svo mæltu fór gerðarþoli aftur inn í einkaskrifstofu sína og læsti dyrunum á eftir sér, en fógeti lýsti því yfir við gerðarþola, að hann teldi hann mættan engu að síður. Setti fógeti síðan fógetadóm og hóf gerðina. Þegar fógeti hafði lokið við að bóka það, sem af var gerðinni, gekk hann að dyrunum á einkaskrifstofu gerðarþola og barði að dyrum, en er enginn anzaði, tók fógeti í hurðarhúnin og fann, að dyrnar voru enn læstar. Þar sem fógeti áleit, að gerðarþoli væri þar enn inni, kallaði hann til gerðarþola og skoraði á hann að koma út úr herberginu, ella myndi honum verða skipaður réttargæzlumaður til þess að vera við gerðina. Þessu var engu svarað. Á meðan þessu fór fram, höfðu tveir synir gerðarþola komið inn í almennu skrifstofuna. Voru þetta ákærði og bróðir hans, Sigtryggur. Dvöldu þeir bræður nokkra stund þarna inni, en fóru svo báðir út. Ákærði kom þó fljótlega inn aftur og fékk sér sæti. Nokkur orðaskipti áttu sér stað milli ákærða og fógeta. Fógeti skýrir svo frá, að ákærði hafi spurt sig, hvað þarna væri um að vera og fógeti skýrt ákærða frá því, að þarna færi fram fjárnámsgerð hjá föður hans, gerðarþola, en hann hefði læst sig inni í einkaskrifstofu sinni. Fógeti kveðst enn fremur hafa skipað ákærða réttargæzlumann gerðarþola. Ákærði skýrir hins vegar svo frá, að fógeti hafi einungis spurt sig, hvort ákærði vildi mæta í rétti fyrir föður sinn og hafi hann svarað því til, „að faðir sinn hefði ekki beðið sig um það og gerði hann það ekki“. Vitnið Friðþjófur G. Johnsen hefur borið, að fógeti hafi viljað skipa ákærða réttargæzlumann gerðarþola, en ákærði svarað því til „að fógeti hefði ekkert yfir sér að segja“. Vitnið Kristján Guðmundsson skýrir svo frá, að ákærði hafi aftekið það með öllu, er fógeti ætlaði að skipa hann réttargæzlumann gerðarþola. Rétt í þessu kom Kjartan Friðbjarnarson skrifstofumaður inn. Hann er starfsmaður gerðarþola og hefur skrifstofuherbergi inn af almennu skrifstofunni og er það við hliðina á einkaskrifstofu gerðarþola. Kjartan fór úr yfirhöfn sinni frammi í almennu skrifstofunni, en fór síðan inn í skrifstofuherbergi sitt, og fór ákærði þangað inn með honum. Um það, sem á eftir fór, greinir

ákærða og vitnin allmjög á. Skulu nú framburðir viðstaddra raktir í höfuðatriðum.

Fógeti ber, að hann hafi, eftir að ákærði var kominn inn í skrifstofuherbergi Kjartans Friðbjarnarsonar, gengið að herbergisdyrunum, drepíð á þær og opnað síðan. Skoraði fógeti á ákærða að greiða fjárnámskröfuna, en ákærði svaraði því til, að hann myndi ekkert greiða og skipaði fógeta að fara út úr herberginu, þar sem hann væri að tala um einkamál við Kjartan. Fógeti segist þá hafa ítrekað, að ákærði væri skipaður réttargæzlumaður gerðarþola og skoraði á hann að benda á eignir, sem gera mætti fjárnám í til greiðslu fjárnámskröfunnar. Fógeti segir, að þá hafi ákærði rokið að sér og viljað ýta sér út úr herberginu, en fógeti hafði stigið með annan fótinn inn fyrir þröskuldinn. En er fógeti stóð fastur fyrir, greip ákærði með báðum höndum yfir um hann, hóf hann á loft og bar yfir þröskuldinn og fram í mitt herbergið, en þegar fógeti kallaði á Pétur Stefánsson lögregluþjón sér til aðstoðar, kveður fógeti ákærða hafa sleppt tókum á sér og horfið aftur inn í herbergið til Kjartans. Lokaði ákærði dyrunum og varnaði fógeta inngöngu. Skömmu síðar fór ákærði út ásamt Kjartani.

Vitnið Kristján Guðmundsson ber, að er fógeti hafi opnað hurðina að skrifstofuherbergi Kjartans, hafi ákærði komið í dyragættina og viljað loka hurðinni, en fógeti hafi komið öðrum fæti sínum milli stafs og hurðar. Segir vitnið, að ákærði hafi reynt að hrinda fógeta fram fyrir, en það hafi í fyrstu ekki tekizt, þar sem fógeti stóð fastur fyrir. Að lokum hafi ákærða þó tekizt að hrinda fógeta fram í almennu skrifstofuna, og virtist vitninu sem fógeti reyndi að verjast falli. Ákærði fór því næst aftur inn í skrifstofuna til Kjartans.

Vitnið Pétur Stefánsson ber, að fógeti hafi gengið að dyrunum á skrifstofuherbergi Kjartans, opnað þær í hálfu gátt og skorað á ákærða að mæta fyrir föður sinn. Segir vitnið, að þá hafi ákærði þrifið með báðum höndum um axlir fógeta og hrundið honum fram á gólfið, en sleppt honum síðan aftur. Vitnið kveður fógeta hafa mælt til þeirra, er þarna voru viðstaddir: „Eið sjáið, að hann leggur á mig hendur“. Ákærði fór síðan aftur inn og lokaði á eftir sér dyrunum.

Vitnið Friðbjófur G. Johnsen ber, að fógeti hafi barið að dyrum á áður-greindu herbergi, og er þær voru opnaðar, átti fógeti tal við ákærða og man vitnið, að fógeti spurði ákærða m. a., hvort hann vildi greiða fjárnámskröfuna, en ákærði tók þá í fógeta og ýtti honum úr dyrageittinni og fram í fremra skrifstofuherbergið. Ákærði fór síðan aftur inn í herbergið og lokaði að sér.

Vitnið Kjartan Friðbjarnarson ber, að ákærði hafi verið í herberginu hjá því, meðan vitnið dvaldi þar, en vitnið hvorki minnst þess að barið væri að dyrum né að dyrnar væru opnaðar og fógeti ætti þar orðaskipti við ákærða. Vitnið kveðst hafa setið uppi á borði og horft út um glugga, en engan gaum hafa gefið að dyrunum.

Vitnin Kristján, Pétur og Friðbjófur láta þess getið, að þau hafi ekki

séð að ákærði hæfi fógeta á loft, en Pétur og Kristján taka fram, að þeir telji sig ekki hafa haft aðstöðu til þess að sjá það, þótt svo kunnir að hafa verið, þar eð þeir ásamt vitninu Friðþjófi stóðu fyrir framan afgreiðsluborðið, sem þarna er.

Vitnið Ástþór Matthíasson lögfræðingur var staddur inni hjá gerðarþola á einkaskrifstofu hans, þegar fógeti kom á almennu skrifstofuna. Vitnið ber, að gerðarþoli hafi farið fram og átt tal við fógeta, en ekki heyrði vitnið, hvað þeim fór á milli. Vitnið kveðst hafa setið á tali við gerðarþola 5—10 mín. eftir þetta, en fór þá út, en ekki gegnum almennu skrifstofuna, heldur fór vitnið aðra leið út. Fylgdi gerðarþoli því til dyra, en fór síðan aftur inn. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt, hvað fram fór á almennu skrifstofunni, meðan það sat á tali við gerðarþola.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ásamt Sigtryggi bróður sínum komið á skrifstofu föður síns, gerðarþola, 20. des. s. l. Þar hafi þá verið staddur Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, ásamt mönnum þeim, er um getur hér að framan. Þeir bræður fengu sér sæti, en fóru báðir út eftir skamma stund. Ákærði kom þá strax inn aftur og fékk sér sæti. Ákærði segir, að fógeti hafi þá spurt sig, eins og að framan getur, hvort hann vildi ekki mæta í rétti fyrir föður sinn. Þessu segist ákærði hafa svarað neitandi. Í þessu hafi Kjartan Friðbjarnarson komið inn í almennu skrifstofuna og haldið til herbergis síns, og hafi hann farið þangað inn með Kjartani. Ákærði segir, að er fógeti hafi opnað hurðina og birtzt í dyragættinni, hafi hann ýtt fógeta frá dyrunum, til þess að hann gæti lokað þeim, án þess að fógeti yrði milli stafs og hurðar. Kveðst ákærði áður hafa verið búinn að segja fógeta, að hann ætlaði að loka dyrunum. Ákærði segist ekki hafa vitað, er hann kom þarna á skrifstofuna, í hvaða erindum fógeti væri þangað kominn. Hann kveður sér vera kunnugt um, að Sveinn Snorrason sé fulltrúi bæjarfógetans hér, en segir, að sér hafi annars verið ókunnugt um, að fulltrúinn væri kominn þarna á skrifstofuna í embættiserindum, þar eð hann hafi engin auðkenni borið á sér, er bent gætu til embættisstöðu hans, né hafi fulltrúinn tilkynnt sér erindi sitt. Beiðni fulltrúans um það, að ákærði mætti í rétti fyrir gerðarþola, segist hann hafa skilið á þá lund, að hann ætti að mæta á skrifstofu bæjarfógeta eða í hegningarhúsinu til slíks réttarhalds. Fógeti ber hins vegar, að hann hafi skýrt ákærða frá því, að þarna færi fram fjárnámssgerð, einmitt, er hann spurði ákærða að því, hvort hann vildi mæta við gerðina fyrir föður sinn. Fógeti hefur og skýrt frá því, að hann hafi verið í einkennisfötum sínum við gerð þessa, en í rykfrakka yzt klæða, og geti því verið, að ákærði hafi ekki veitt einkennisbúningi hans athygli, en tekur fram, að ákærði þekki sig og viti, að hann er fulltrúi hjá bæjarfógetanum hér.

Hafa nú verið rakin höfuðatriðin í framburði ákærða og vitna. Verjandi ákærða hefur haldið því fram, að fógeti hafi ekki beitt rétttri aðferð við fjárnámið, með því að skipa ákærða réttargæzlumann gerðarþola gegn vilja ákærða og hljóti því atvik það, er ákærði er ákærður fyrir, að vera

fógeta sjálfum að kenna. Á þessa skoðun verður ekki fallizt. Þótt fógeti hafi reyndar að þessu leyti gengið lengra en lög mæla fyrir um, er þar ekki um slíkan annmarka að ræða, að hann réttlæti framkomu ákærða. Verður að telja fullsannað með hinum eiðfesta vitnaframburði, að ákærði hafi með framferði sínu gerzt brotlegur við 106. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað, og hún niður falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin. Fógeti hefur lýst því yfir fyrir dóminum, að hann geri engar skaðabótakröfur á hendur ákærða, enda upplýst, að hann hefur ekki orðið fyrir neinum meiðslum eða beðið annað tjón.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar cand. jur., kr. 400.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna annrikis og veikinda hjá dómara.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Helgason, sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað, og niður skal hún falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar cand. jur., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. nóvember 1953.

Nr. 129/1953. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Ragnari Guðmundssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sjóslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum máls þessa er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot ákærða við refsíákvæði, sem þar eru greind. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. Stað-